

Verklagsreglur og ferlar fyrir stuðning milli umdæma

1. Markmið ferlis

Tryggja að eftirlitsverkefnum sé sinnt á öllum svæðum óháð tímabundinni undirmönnun eða auknu álagi.

Tryggja stuðning í umdæmum þegar upp koma óvenju mörg og/eða erfið dýravelferðar- eða matvælaöryggismál á stuttum tíma.

Hámarka nýtingu mannafla og annarra auðlinda.

Gæta jafnvægis í vinnuálagi milli umdæma.

Ýta undir og stuðla að samræmdu eftirliti um land allt.

Koma í veg fyrir að eftirlitsfólk fari í erfið mál hjá tengdum aðilum svo sem ættingjum eða nágrönnum.

2. Hvenær er ferlið virkjað?

Stuðningur frá öðru umdæmi er kallaður til ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Tímabundin starfsmannaekla sem veldur að starfsmenn í viðkomandi umdæmi geta ekki sinnt árlegri eftirlitsáætlun.
- Óvænt verkefni, t.d. erfið dýravelferðarmál eða dýrasjúkdómur, leiða til aukins umfangs verkefna.
- Umframfjöldi ábendinga sem leiðir af sér óvenju mikla fjölgun heimsókna utan reglubundinna eftirlitsheimsókna.

3. Hvert er ferlið?

3.1. Þörfin metin

Héraðsdýralæknir umdæmis metur stöðuna í samráði við sviðsstjóra vettvangseftirlits og ákveða í sameiningu þörf á tilfallandi stuðningi frá öðru umdæmi.

Héraðsdýralæknir tekur saman eftirfarandi upplýsingar:

- Fjölda eftirlitsheimsókna sem þarf að sinna.
- Svæði og/eða bú/fyrirtæki sem þarf að heimsækja.
- Tímaáætlun fyrir verkefnið. Tímaramminn getur spannað frá dagsstund og upp í nokkra daga.
- Kröfur um sérhæfða þekkingu sem kann að vera nauðsynleg.

Ferlið má einnig nýta til að sinna tímabundnum átaksverkefnum með ákveðnum tegundum búa/fyrirtækja.

3.2. Verkefnið mannað

Í hverju umdæmi eru tveir aðilar með reynslu af vettvangseftirliti sem hafa lýst sig viljuga til að fara í tímabundin verkefni í öðrum umdæmum.

Sviðsstjóri vettvangseftirlit metur álag í öðrum umdæmum í samráði við viðkomandi héraðsdýralækni.

Héraðsdýralæknir finnur starfsmenn sem hafa tíma og getu til að sinna verkefninu og upplýsir þá um verkefnið.

3.3. Tímabundinn flutningur mannafla

Teymi sem tekur að sér tímabundinn stuðning:

- Tekur þátt í eftirliti í umdæmi samkvæmt ákveðinni áætlun.
- Miðlar upplýsingum um framgang til héraðsdýralækna beggja umdæma.
- Ferða- og gistikostnaður er færður á umdæmi sem veittur er stuðningur í.

4. Tilhögun verkefna meðan á stuðningi stendur:

4.1. Forgangsröðun

Forgangsröðun verkefna í undirmönnuðu umdæmi skal að jafnaði miða við eftirfarandi þætti:

- LEMA.
- Úrvinnslu innkominna ábendinga.
- Úrvinnslu uppsafnaðrar eftirlitsþarfar búa með krónísk dýravelferðarvandamál.
- Eftirlit á stærri búum sem hafa mikil áhrif á velferð dýra eða almannaheill.
- Uppsafnaðrar þarfar á eftirliti matvælafyrirtækja á tilteknum landsvæðum.

4.2. Samræmd vinnubrögð

Allt eftirlitsfólk fylgir sömu verklagsreglum, óháð því frá hvaða umdæmi þau koma, til að tryggja samræmi í framkvæmd eftirlits.

5. Eftirfylgni og mat:

Að loknu verkefni skal:

- Meta árangur af stuðningnum og hvort markmiðum hafi verið náð.
- Deila reynslu milli umdæma til að bæta samræmingu og vinnulag.

6. Aðgengi að upplýsingum og verkfærum:

Eftirlitsfólk skal hafa aðgang að sameiginlegum verkfærum til eftirlits, svo sem:

- Gögnum um áætlanir og bú/fyrirtæki sem krefjast eftirlits.
- Greiðan aðgang að upplýsingum sem þarf til að sinna verkefninu sem best. Upplýsinga skal að jafnaði aflað áður en eftirlitsferð hefst til að tryggja skilvirka nýtingu tíma.
- Móttaka aðstoðar við bókun flugs og gistingar ef þörf er á.
- Hérðasdýralæknar meta hvort eftirlitsfólk aki á milli umdæma eða nýti flugsamgöngur. Ef flugsamgöngur eru nýttar þarf að tryggja að bifreið sé til taks í því umdæmi sem veitt er aðstoð í.

Kostir

1. Sveigjanleiki í mannafla

Álagsdreifing: Kerfið leiðir til minni röskunar á eftirlitsáætlunum, jafnvel þótt umdæmi glími við undirmönnun eða aukið álag.

Betri nýting mannafla: Vinnu er forgangsraðað þar sem þörfin er mest sem ýtir undir skilvirkni eftirlits.

2. Betri þjónusta við bændur

Eftirlit á búum/fyrirtækjum er framkvæmt fyrr en ella sem styrkir traust á starfsemi stofnunarinnar.

3. Aukin samvinna milli umdæma

Starfsfólk kynnist aðferðum og starfsháttum annarra umdæma, sem getur leitt til aukinnar samræmingar, betra samstarfs og miðlunar reynslu.

4. Skilvirk lausn á óvæntum aðstæðum

Þegar tilfallandi aðstæður, svo sem dýravelferðarmál, krefjast skjótra viðbragða veitir kerfið nauðsynlegan sveigjanleika.

Gallar

1. Aukið álag í umdæmi

Að senda starfsfólk til annars umdæmis getur valdið tímabundnu álagi í því umdæmi sem lánar mannafla.

2. Ferðakostnaður og tími

Kostnaður vegna ferða og upphalds er aukinn. Þetta getur aukið rekstrarkostnað stofnunarinnar.

3. Aðlögunartími í nýju umhverfi

Starfsfólk frá öðru umdæmi gæti þurft tíma til að aðlagast staðbundnum aðstæðum, eins og sérstökum aðferðum eða tengslum við bændur.

4. Mögulegt ágreiningsefni

Misræmi í væntingum milli starfsfólks og yfirmanna frá mismunandi umdæmum getur skapað ágreining. T.d. gæti starfsfólk fundið fyrir ójafnvægi í vinnuálagi.

5. Gæði eftirlits í nýju umdæmi

Eftirlitsfólk sem þekkir ekki að fullu staðbundnar aðstæður eða sögu einstakra búa getur þurft lengri tíma til að ná sömu gæðum í eftirliti.

6. Skipulagsleg áhætta

Kerfið krefst mikillar samræmingar og getur orðið óskilvirkt ef upplýsingaflæði eða stjórnun bregst.